

Nd.

60. Nefndarátt

um frumvarp til laga um samþykkt um veiði í Drangey.

Við undirritaðir, sem kosnir vorum í nefnd til þess að ihuga mál þetta, höfum rætt það okkar á meðal og orðið sammála um, að ekkert verulegt væri við það að athuga Einungis hefir okkur virst ástæða til, jafnframt því að ráða deildinni til að samþykkja það, að gera við það þessar breytingartillögur:

Við 2. gr.: Fyrir orðin »þá er atkvæði eiga um samþyktina« komi: hjeraðsbúa þá er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum«.

— 3. — Orðin: »og löggildingar« falli burt.

— — — Fyrir $\frac{3}{5}$ (á tveim stöðum) komi: $\frac{2}{5}$.

— 4. — Aftan við greinina bætist ný málsgrein þannig hljóðandi:

Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og hún var stofnuð.

Alþingi, 23. júlí 1912.

Ólafur Briem,
formaður og framsögum.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Stefán Stefánsson 1. þm. Eyf.

Sigurður Sigurðsson.

Guðlaugur Guðmundsson.